

Símafundur stjórnar Beint frá býli 4.maí 2012 kl. 14:20

Öll stjórn er mætt.

Guðmundur Jón setur fund og gengur til dagskrár.

Liður 1. Fjárveiting frá Landbúnaðarráðuneyti að upphæð kr 5.900.000. Formaður er að ganga frá nauðsynlegum gögnum til að þessi fjárveiting berist fyrir árið 2012. Ekki var gert ráð fyrir þessari fjárveitingu á fjárhagsáætlun þannig að afkoma ársis verður því jákvæð um kr. 800.000.

Liður 2. Samstarf um “Samstarfssamning um markaðsherferð” ásamt Ferðapjónustu bænda og Opnum landbúnaði. Stjórn samþykkir að leggja kr. 300.000 í þetta samstarf enda gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun. Þessi markaðsherferð er í samvinnu við markaðsstofur landshlutanna og Ferðamálastofu.

Liður 3. Samstarfssamningur um sjónvarpsefni “Hið blómlega bú”. Stjórn sammála að þetta verkefni er mjög áhugavert. Stjórn samþykkir að leggja kr. 1.250.000 í verkefnið ef viðunandi samningur næst um afnot okkar af efni.

Liður 5. Formaður gerir grein fyrir samráðsfund hjá Mast sem hann mun mæta á 11.maí.

Liður 6. Ákveðið að leggja í úttektir á bæjum með gæðamerki ásamt því að efla ljósmyndasafn frá bæjunum.

Liður 7. Sala á vefsíðunni www.litlubudirnar.is – Stjórn sammála að reyna að selja vefinn þar sem engar tekjur eru að koma inn í gegnum vefbúðina.

Ekki meira rætt

Fundi slitið kl 15:30. Marteinn ritaði fundargerð.